



Skipulagt tómstundastarf

(félagsstarf, sjálfboðastarf, íþróttastarf, tónlistar- og tungumálanám)

8. - 10. bekkur

„Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólasterfs.“(26. gr. Grunnskólalaga nr.91/2008)

Í **Aðalnámskrá grunnskóla** segir:

„Að ósk foreldra er heimilt að meta sem nám tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi enda falli það að markmiðum skólasterfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Í hverju tilviki metur viðkomandi skóli umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála. Við það skal miðað að það nemi ekki meira en sem svarar 160 mín. vikulega á hverju skólaári á unglíngastigi og er þá heimilt að meta slíkt til valgreina hjá viðkomandi nemendum.“

Þeir sem velja að nýta sér skipulagt tómstundarstarf sem valgrein skrá það á valblaðið í viðeigandi reit.

Athugið! Þegar valgrein er stunduð utan grunnskóla þarf að taka mið af eftirfarandi

- Að grunnskólar hafa viðmiðunarreglur um valgreinar utan grunnskóla sem þarf að uppfylla.
- Að nemandi/forráðamenn ber(a) allan kostnað sem af valgrein utan grunnskóla hlýst.
- Að það getur þurft að skila inn frekari upplýsingum um viðkomandi nám til grunnskóla áður en það verður samþykkt.
- Að umsóknartími um valgrein utan grunnskóla fylgir sömu tímatakmörkunum og valgrein innan skóla.

Námsmat

Staðfestingu þarf á þátttöku í skipulögðu tómstundastarfi til þess að fá “Lokið” í þessari valgrein. Eyðublað fæst hjá umsjónarkennara og/eða deildarstjóra þegar líður á önnina.